

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 629 31. desember 1987, um innheimtu og ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar.

1. gr.

Síðari málsliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af sérstöku fóðurgjaldi samkvæmt 3. tl. skal innheimta 2,60 kr. af hverju kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 46/1985, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. febrúar 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. janúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hvolsvallarkauptúni, Rangárvallasýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar og samkv. heimild í umferðarlögum um 50/1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hvolsvelli:

1. Umferð um Hlíðarveg hafi forgang gagnvart Ormsvelli (biðskylda).
 2. Umferð um Vallarbraut hafi forgang gagnvart Túngötu (biðskylda).
 3. Umferð um Stóragerði hafi forgang gagnvart Litlagerði (biðskylda).
 4. Stöðvunarskyldu verði breytt í biðskyldu á Nýbýlavegi gegn Hlíðarvegi.
 5. Hindranir verði settar upp vegna hjólreiða við gangstíga sunnan Stóragerðis milli húsa nr. 17 og 19 og sunnan Hvolsvegar milli húsa nr. 18 og 20.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu, 27. janúar 1989.

Friðjón Guðröðarson.